

AKUREYRI

Listasafnið á Akureyri

Draumurinn um hreint form

„DRAUMURINN um hreint form“ er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í Listasafninu á Akureyri á morgun, laugardaginn 6. mars, kl. 16.

Sýningin fjallar um íslenska abstraktlist frá árunum 1950 til 1960 auk tengsla við byggingarlist og hönnun. Sýningin var áður sett upp í Listasafni Íslands en kemur nú norður yfir heiðar sem liður í samstarfi safnanna, en í fyrri var einmitt undirritaður sérstakur samstarfssamningur milli stofnanna.

Sýningin á Akureyri byggist á málverkum eftir ýmsa þekkta listamenn, s.s. Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Hörð Ágústsson, Svavar Guðnason, Eirík Smith og Nínu Tryggvadóttur. Sýningin fjallar að hluta til um byggingarlist og þau sérstöku tengsl sem myndlistin hafði við byggingarlist og hönnun. Áhersla er lögð á að taka dæmi frá Akureyri.

Í tilefni sýningarinnar gaf Listasafn Íslands út vandaða sýningar-skrá en þar segir m.a. í grein eftir Ólaf Gíslason: „Hvernig gat það gerst að þorri menntaðra ungra listamanna á Íslandi skyldi taka upp nánast sama stíl í myndlist sinni á árunum 1952–1958 og skapa verk sem byggðu upp til hópa á sömu grunnforsendu og voru iðulega svo lík að erfitt gat verið að greina höfundarmark eins frá öðrum. Þessi spurning verður því meir aðkallandi þegar þess er gætt að þetta gáfaða og hæfileikaríka listafólk gekk með þessum verkum sínum þvert á ríkjandi viðhorf í samfélaginu, skapaði sér oft og tíðum margvíslega erfiðleika og var haft að háði og spotti á opinberum vettvangi.“

Sýningin í Listasafni Akureyrar stendur til 18. apríl næstkomandi en safnið er opið frá kl. 14 til 18 daglega nema hvað lokað er á mánudögum.

Strætisvagnar Akureyrar

Helgarakstur í sumar

FRAMKVÆMDANEFND Akureyrarbæjar hefur ákveðið að helgarakstri strætisvagna verði fram haldið í sumar en upphaflega var um að ræða tilraun fram á vorið. Hins vegar mun akstur á laugardögum hefjast tveimur tímum seinna í sumar en nú er, eða kl. 10 eins og á sunnudögum.

Ásgeir Magnússon formaður framkvæmdanefndar sagði að unnið væri að endurskoðun á skipulagi strætisvagnana. „Þegar Borgarbrautin verður tekin í notkun seinni partinn í sumar, munum við reyna að nýta þá samgöngubót fyrir strætisvagnana. Um það leyti munum við því væntanlega stokka upp strætisvagnakerfið og taka helgaraksturinn til endurskoðunar.“

Ásgeir sagði að nýtingin á strætis-

vögnunum væri almennt of lítil en álagið er mest á morgnana og seinni partinn, þegar fólk er á leið til og frá skóla og vinnu. „En það er ekki nóg að telja í vögnunum og tala við það fólk sem notar vagnana. Við þurfum einnig að heyra í fólk sem ekki notar vagnana og þá hvers vegna. Þetta er þjónusta sem við erum að veita og það er sjálfsagt að reyna að gera það eins vel og nokkur kostur er.“

Gallerí Svartfugl

Mynd án veggs

JÓN Laxdal Halldórsson opnar sýningu í Gallerí Svartfugl á morgun, laugardaginn 6. mars kl. 16, en þá hefst sýningarhald að nýju eftir vetrarfrí í galleríinu.

Á sýningunni er eitt verk „Mynd án veggs“ en það heitir eftir samnefndu ljóði Stefáns Harðar Gríms-sonar í ljóðabókinni Farvegir frá árinu 1981. Sýningin er eins konar sviðssetning ljóðsins og styðst við líti, form og sýningargestina sjálfa sem fullgera myndina með nærveru sinni.

Sýningin stendur til 21. mars næstkomandi. Gallerí Svartfugl er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14 til 18. Engin boðskort eru send út að þessu sinni en allir eru velkomnir.

Þór skákmeistari

ÞÓR Valtýsson varð skákmeistari Akureyrar, en Skákþingi Akureyrar lauk í vikunni. Þór fékk 4,5 vinninga á mótinu.

Rúnar Sigurpálsson varð í öðru sæti, hlaut 4 vinninga og Ólafur Kristjánsson varð þriðji, fékk jafnmarga vinninga og Rúnar en færri stig. Á eftir þeim komu Halldór Brynjar Halldórsson, Stefán Bergsson, Sigurður Eiríksson og Haukur Jónsson.

Kirkjustarf

LAUFÁSPRESTAKALL: Fjöl-skyldugöðspjónusta á sunnudag, 7. mars, kl. 14 í Svalbarðskirkju. Ræðuefni: Er kærleikurinn á Netinu? Unglingar aðstoða í messunni. Fermingarfræðsla verður í kirkjunni á sunnudag kl. 11 og kyrrðarstund kl. 21 um kvöldið.

LANDIÐ


Breiðfirsk atvinnuvegasýning í Stykkishólmi í sumar

Stykkishólmi - Aðalfundur Eflingar Stykkishólms var haldinn 22. febrúar sl. Tilgangur félagsins er að vinna að framfaramálum í menningar- og atvinnulífi Stykkishólms og félagar eru fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklingar sem stunda atvinnurekstur. Félagar í Eflingu Stykkishólms eru 45 talsins.

Á aðalfundinum kom fram að starf félagsins er alltaf að eflast og aukast. Helstu verkefni á síðasta ári voru rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála og umsjón með tjaldstæði. Þá sá félagið um Danska daga sem er orðin árviss bæjarhátíð í þriðju viku ágústmánaðar. Efling stóð fyrir sumartónleikaröð í Stykkishólmskirkju þriðja árið í röð.

Félagið hefur unnið með verslunar- og þjónustuaðilum í bænum til að efla viðskipti þessara fyrirtækja og eins hefur félagið stutt við bakið á ferðahjónustuaðilum í bænum. Þá hefur félagið verið í samstarfi við systkinafélög á Snæfellsnesi, FAG, félag atvinnulífsins í Grundarfirði, og Framfarafélag Snæfellsbæjar. Samstarfið var einkum fólgið í átaki til að kynna Snæfellsnes sem áhugavert svæði til að heimsækja.

Á fundinum kom fram að Efling mun í samstarfi við atvinnumálanefnd



Morgunblaðið/Gunnlaugur Árnason
NÝKJÖRIN stjórn Eflingar Stykkishólms og framkvæmdastjóri: F.v.: Guðmundur Benjamínsson, Svanborg Siggeirsdóttir, Ríkharður Hrafnkelsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, María Guðmundsdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir.

Stykkishólms kom á fót atvinnuvegasýningum í Stykkishólmi 16. til 20. júní. Átlunin er að sýningin nái yfir Snæfellsnes, Dali og að Reykhólum. Þar er markmiðið að kynna atvinnu- og mannlífið á þessu landsvæði. Búið er að ráða verkefnisstjóra.

Tónleikaröð verður í Stykkis-

hólmskirkju í sumar og hefur þegar verið ákveðið hvaða listamenn komi þar fram.

Ný stjórn Eflingar Stykkishólms var kjörin og er Ingibjörg Benediktsdóttir formaður. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhanna Guðmundsdóttir.



Morgunblaðið/Garðar Páll Vignisson
FRÁ undirritun samningsins: Bjarni Andrésson og Þorsteinn Guðjónsson.

Grindavík – Fyrir 21 ári, eða þegar Samvinnuferðir Landsýn h.f. hóf starfsemi, sína hófst samstarf knattspyrnu-deildar UMFG og SL. Nýlega var undirritaður þriggja ára samningur sem er auglýsinga- og styrktarsamningur. Að sögn Þorsteins Guðjónssonar, markaðsstjóra SL, er hér um

Samstarf Grindvíkinga og SL

að ræða einfaldan ramma-samning sem gefur tilefni til að frekara samstarf geti orð-

id. Þá er í samningi þessum sérstakt ákvæði sem snýr að árangri liðsins til handa leikmönnum og knattspyrnu-eildinni. Bjarni Andrésson, formaður knattspyrnu-eildarinnar lýsti yfir ánægju deildarinnar með þetta samstarf enda hafi það staðið yfir í 21 ár.



Morgunblaðið/Sigríður Kristinsdóttir
BJÖRN Bjarnason menntamálaráðherra fundar með heimamönnum.

Rætt um framtíð Reykholtstaðar

Reykholti - Sameinað sveitarfélag norðan Skarðsheiðar fundaði á dögum með Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra á Hótel Reykholti.

Miklar breytingar hafa orðið á staðnum undanfarið og ný fyrirtæki og stofnanir litið dagsins ljós, samtímis því sem skólalald Héraðsskólans hefur lagst af. Talsvert af eignum á staðnum tilheyrir því menntamálaráðuneytinu og þörf talin á að draga upp nýjar línur og endur-

skipuleggja allt svæðið með hliðsjón af nýjum hagsmunaaðilum sem að málinu koma. Þarfnast ýmis mannvirki endurskipulagningar og endurnýjunar, bæði veitur, byggingar og umhverfi.

Heimamenn, sem forsvar hafa í þessum málum, mættu á fundinn til að gefa sem heildstæðasta yfirsýn. Ráðherra kynnti ásamt Guðmundi Magnússyni skýrslu Reykholtssnefnar um framtíð Snorrastofu sem

rannsóknarstofnunar í miðaldafræðum. Samningar hótelsins við ráðuneytið voru ræddir, en það er rekið í húsnæði sem byggt var undir heima-vist og mótuneyti Héraðsskólans. Almenn menningarstarfsemi á svæðinu sem tengist m.a. kirkjunni og ferðahjónustunni Heimskringlu var einnig rædd sem og væntanleg yfirtaka Þjóðarbókhlöðu á hluta af húsnæði gamla skólans og umsjón Þjóðminjasafns með fornleifum á svæðinu.

Lokadagur útsölnunnar

Rúskinshettujakkar

17.900



Laugavegi 66,
sími 552 0301